

**Nr. 072 / 12 Kiddi Árna HU 19****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6814  
Smíðaður: Englandi 1979, plast  
Stærð: 3 brl. 2,5 bt.  
Mesta lengd: 6,85 m Skráð lengd: 6,4 m  
Breidd: 1,94 m Dýpt: 1,3 m  
Vél: Yanmar 140 kW 1997  
Fjöldi skipverja: 1



Sædís ©Alfons Finnsson

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 29. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 2. júlí 2012 var Kiddi Árna HU 19 á handfæraveiðum í Húnaflóa. Veður: Logn

Þegar skipstjóri ætlaði að kippa á veiðislóðinni skammt austan Selskers stöðvaðist vélin og í ljós kom að olúkerfið að forsíunni var stíflað. Þegar hann opnaði olútankinn sá hann að þéttiefni (silikon) á lokinu hafði lekið ofan í tankinn og í olúuna. Hann óskaði eftir aðstoð og Særún Björg HU 66 dró bátinn til Skagastrandar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að sögn skipstjórans hafði allt of mikið af þéttiefni verið notað undir lokið á tanknum og það lekið niður í olúuna. Fram kom að það hefði verið uppleysanlegt í olúunni;
- að aukasíur voru um borð.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.